

Ár 2020, fimmtudaginn 20. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er af Sigurði G. Gíslasyni héraðsdómara að Austurvegi 4, Selfossi, í málinu nr. E-60/2019

**Árni Baldursson**

*(Ásgeir Þór Árnason lögmaður)*

gegn

**Veiðifélagi Árnesinga,**

**Guðmundi Þorvaldssyni,**

**Kjartani Helgasyni,**

**Magga Jónssyni,**

*(Jörundur Gauksson lögmaður)*

**Haraldi Þórarinssyni og**

**Hraunsósi ehf.**

*(Óskar Sigurðsson lögmaður)*

kveðinn upp svofelldur

#### **úrskurður:**

Mál þetta, sem tekið var til dóms að lokinni aðalmeðferð 24. janúar 2020, er höfðað er höfðað með stefnu birtri á tímabilinu frá 5. – 11. mars 2019.

Stefnandi er Árni Baldursson, [...].

Stefndu eru Veiðifélag Árnesinga, [...], Guðmundur Þorvaldsson, [...], Haraldur Þórarinsson, [...], Hraunsós ehf., [...], Kjartan Helgason, [...] og Maggi Jónsson, [...].

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega að ógiltar verði með dómi þrjár samhljóða stjórnvaldsákvarðanir Fiskistofu, ein frá 10. desember 2018 og tvær frá 4. janúar 2019, þess efnis að ólögmat hafi verið svohljóðandi ákvörðun félagsfundar Veiðifélags Árnesinga frá 26. apríl 2018:

„Aðalfundur Veiðifélags Árnesinga, haldinn í Félagslundi, Flóahreppi, fimmtudaginn 26. apríl 2018, samþykkir að fyrir árið 2019 sé félagsmönnum Veiðifélags Árnesinga á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár frjálst hverjum fyrir landi sinnar jarðar að veiða silung frá og með 1. apríl og lax frá og með 24. júní til og með 9. ágúst og frá og með 17. ágúst

til 24. september, en deildir geti þó ákveðið að veiðitími hefjist og honum ljúki síðar en þó ekki lengur en til 30. september. Sami veiðidagafjöldi á við um deildir sem og um aðra félagsmenn. Stjórn deildar skal tilkynna til formanns Veiðifélags Árnesinga hvenær veiði hefst og hvenær henni lýkur. Veiða má á stöng í samræmi við fyrirmæli laga nr. 61/2006 um lax og silungsveiði. Daglegur veiðitími á laxi og göngusilungi fer saman frá kl. 7:00 – 13:00 og 16:00 – 22:00. Eftir 20. ágúst frá 7:00 – 13:00 og 15:00 – 21:00. Deildir ráðstafa veiði og arði til sinna félagsmanna á félagssvæði sínu og skal fjöldi leyfðra dagstanga þar vera óbreyttur frá því sem verið hefur. Öðrum félagsmönnum er heimilt að láta stunda veiðar fyrir landi sínu með stöng. Stjórn félagsins skal afla staðfestingar Fiskistofu á þessari samþykkt um ráðstöfun veiða sem nýtingaráætlun til bráðabirgða samkvæmt 4. mgr. 17. gr., 3. mgr. 18. gr. og 29. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 fyrir árið 2019.“

Til vara krefst stefnandi þess að viðurkennt verði að Veiðifélagi Árnesinga hafi verið heimilt að ráðstafa veiði á félagssvæðinu fyrir árið 2019, með framangreindri samþykkt meirihluta atkvæða á aðalfundi hinn 26. apríl 2018.

Þá gerir stefnandi þá kröfu að stefndu verði in solidum gert að greiða sér málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndu Veiðifélag Árnesinga, Guðmundur Þorvaldsson, Kjartan Helgason og Maggi Jónsson krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og að þeim verði dæmdur allur málskostnaður sem til hefur fallið frá því að þeim var stefnt fyrir dóm samkvæmt yfirliti.

Dómkröfur stefndu Haraldar Þórarinssonar og Hraunsóss ehf. eru aðallega að málinu verði vísað frá dómi, en til vara að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda. Þá krefjast stefndu málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda.

Máli þessu var upphaflega vísað frá héraðsdómi með úrskurði 10. júlí 2019, en með úrskurði Landsréttar 4. september 2019 var úrskurður héraðsdóms felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar.

Við aðalmeðferð gerðu stefndu Haraldur og Hraunsós ehf. á ný kröfu um að málinu verði vísað frá dómi, en sú krafa hafði ekki komið fram í seinni greinargerð þeirra eftir úrskurð Landsréttar. Af hálfu stefnanda var því hins vegar ekki andmælt að frávísunarkrafan kæmist að í málinu á ný.

Engar skýrslur voru teknar við aðalmeðferð málsins.

Dómari málsins tók við meðferð þess 19. september 2019, en hafði fyrir þann tíma engin afskipti haft af því.

## Málavextir

Samkvæmt framlögðum gögnum og málatilbúnaði aðila eru helstu málavextir þeir að þann 26. apríl 2018 var haldinn aðalfundur í stefnda, Veiðifélagi Árnesinga. Undir 10. lið fundargerðar var lesin upp tillaga stjórnarinnar um veiðitíma og veiðitilhögun fyrir árið 2019. Það sem hér skiptir máli er að í tillögunni var gert ráð fyrir því að heimilt yrði að veiða silung og lax á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár í lagnet, króknet eða á stöng í samræmi við fyrirmæli laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Veiðitími yrði frá vori og til 24. september 2019, en einstakar deildir gætu þó seinkað tímabilinu, þó ekki lengur en svo að síðasti veiðidagur yrði 30. september 2019.

Undir lið nr. 11 í fundargerðinni, þar sem gerð er grein fyrir umræðum og afgreiðslu á tillögum stjórnar, kemur fram að Drífa Kristjánsdóttir tók þá til máls og lagði fram tillögu um framangreint, en meginbreytingin frá tillögu stjórnar, og sú breyting sem hér skiptir máli, er að ekki var gert ráð fyrir að netaveiði yrði leyfð á vatnasvæðinu, heldur yrði aðeins og eingöngu um að ræða stangveiði. Urðu deilur og umræður um þetta á fundinum og var tillaga Drífu að svo búnu samþykkt á fundinum með 88 atkvæðum gegn 68. Segir í fundargerðinni að þar sem tillaga stjórnar hafi gengið skemur en tillaga Drífu, sem samþykkt hafði verið, hafi fundarstjóri ákveðið að taka hana ekki fyrir.

Stefndu, að frátöldum stefnda Veiðifélagi Árnesinga, kærðu framangreinda ákvörðun aðalfundarins til Fiskistofu. Fiskistofa úrskurðaði um kærurnar með framangreindum þremur nánast samhljóða stjórnvaldsákvörðunum dagana 10. desember 2018 og 4. janúar 2019. Í úrskurði 10. desember 2018 vegna kæru stefndu Haraldar og Hraunsóss ehf. segir í úrskurðarorði að framangreind ákvörðun aðalfundarins sé ólögæt. Í úrskurði 4. janúar 2019 vegna kæru stefnda Magga segir í úrskurðarorði að framangreind ákvörðun aðalfundarins sé ólögæt og hér með úr gildi felld. Í úrskurði 4. janúar 2019 vegna kæru stefndu Kjartans og Guðmundar segir í úrskurðarorði að téður aðalfundur stefnda veiðifélags Árnesinga hafi í heild sinni ekki verið ólögætur. Ekki var úrskurðað í þessu máli um tillöguna sjálfa þar sem þegar hafði verið úrskurðað um að hún væri ólögæt og því hefði kærandi ekki lengur af því lögvarða hagsmuni að fá um hana úrlausn.

Aftur var haldinn aðalfundur í stefnda, Veiðifélagi Árnesinga, þann 28. mars 2019. Undir lið nr. 8 í fundargerð er því lýst að fram hafi verið lögð tillaga 6 stjórnarmanna af 7 um veiðitíma og veiðitilhögun árána 2019 og 2020. Er þar

veiðitími tilgreindur á sama hátt og áður til 24. september en þó geti deildir seinkað veiðitímabilinu þannig að veiðitíma ljúki síðar, en þó aldrei seinna en 30. september. Þá segir í tillögunni að veiða megi í lagnet, króknet og á stöng. Kemur fram í fundargerðinni að tillaga stjórnarinnar hafi verið samþykkt með þorra atkvæða gegn einu.

Ekki kemur annað fram í málinu en að sú veiðitilhögun fyrir árin 2019 og 2020, sem samþykkt var á síðastgreindum aðalfundi 28. mars 2019, standi og hafi staðið óbreytt.

### **Málsástæður stefnanda**

Stefnandi kveður að stjórnvaldsákvæðanir Fiskistofu, sem stefnandi krefst að felldar verði úr gildi, hafi allar snúið að ógildingu sömu samþykktar aðalfundar Veiðifélags Árnesinga og sé stefnanda því heimilt að hafa kröfur vegna þeirra uppi í einu og sama málinu, sbr. 1. mgr. 19. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Í kærnum sínum til Fiskistofu hafi stefndu byggt á því að samþykktin hafi brotið í bága við lög um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 og samþykktir Veiðifélags Árnessýslu nr. 991/2008, að samþykktina hafi borið að setja fram í nýtingaráætlun, að hún tæki fyrir að hluti félagsmanna geti veitt eða haft arð af sínum hlunnindum og að samþykktin hafi verið andstæð eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

Stefnandi kveður að Fiskistofa hafi hins vegar einungis byggt stjórnvaldsákvæðanir sínar á því að í 2. mgr. 4. gr. samþykktar Veiðifélags Árnesinga segi að félagsmönnum sé heimilt að veiða í fastar veiðivélar eða á stöng. Því hafi Fiskistofa talið að hin samþykkt tillaga væri andstæð samþykktum félagsins þar sem í henni hefði falist að óheimilt yrði að veiða í fastar veiðivélar, sem samþykktirnar þó heimiluðu.

Stefnandi telur að þessi niðurstaða Fiskistofu sé byggð á rangri túlkun á tilgreindu ákvæði samþykktanna, hún fari í bága við lögbundið og sjálfstætt hlutverk veiðifélaga með að ráðstafa veiði og hún sé andstæð meginreglum um lýðræðislegar ákvæðanir.

### Lög um lax- og silungsveiði.

Um lagaheimild aðalfundar veiðifélagsins til að ákveða þá veiðitilhögun sem samþykkt var á fundinum 26. apríl 2018 vísar stefnandi til d. liðar 1. mgr. 37. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

Kveður stefnandi að stefndu hafi í kærnum sínum vísað almennt til þess að þeir hafi talið samþykktina vera andstæða lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 og hafi í því efni vísað til þess að samþykktin hafi verið andstæð markmiðum laganna, þ.e. ákvæði 27. gr. um heimilar veiðiaðferðir og að tillögur um veiðitíma og veiðitilhögun bæri að setja fram í nýtingaráætlun samkvæmt ákvæðum 17. - 20. gr., 29. gr. og 30. gr. Stefnandi telur að hafna beri öllum þessum rökum stefndu.

Stefnandi vísar til þess að kveðið sé á um markmið laganna í 1. gr. þeirra en þar segi:

„Markmið laga þessara er að kveða á um veiðirétt í ferskvatni og skynsamlega, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu fiskstofna í ferskvatni og verndun þeirra.“

Kveður stefnandi ljóst að hin umdeilda samþykkt, sem hafi miðað að því að friða snemmgenginn stórlax í fiskihverfinu, þannig að hann gæti óhindrað gengið á riðstöðvar sínar, hrygnt þar og þar með fjölgað stórlaxi á svæðinu til frambúðar og stuðlað þannig að verndun laxastofnsins og sjálfbæra nýtingu hans, sé í góðu samræmi við þessi markmið laganna. Þá telur stefnandi jafnframt ljóst að netaveiðar séu almennt séð ekki hagkvæm aðferð við nýtingu laxveiðihlunninda heldur séu stangaveiðar miklu ábátasamari í efnahagslegu tilliti, hvort tveggja í senn fyrir veiðiréttareigendur í heild sinni vegna verðmætis seldra stangveiðileyfa og allt nærumhverfið vegna óbeinna áhrifa sem stangaveiðimenn hafi með komu sinni á svæðið, kaupum á fæði- og gistingu og leiðsögn. Hér sé jafnframt vert að hafa í huga að stóraukist hafi meðal veiðimanna að sleppa aftur til árinna veiddum fiski. Vísar stefnandi til þess að vísindamenn hafi ítrekað mælt til þess að veiðimenn sleppi stórlaxi í framangreindu augnamiði.

Stefnandi vísar til 27. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 sem hafi yfirskriftina „Veiðitæki og veiðiaðferðir í straumvatni.“ Kveður stefnandi að í 1. mgr. sé tæmandi talið að í straumvatni megi við veiðar nota færi, stöng, lagnet og króknet. Þar komi ekkert fram um það að veiðifélögum sé skylt að viðhafa allar þessar veiðiaðferðir í senn í sínu fiskihverfi. Þvert á móti sé gert ráð fyrir því í a. lið 1. mgr. 37. gr. að eitt af hlutverkum veiðifélaga sé að sjá til þess að samþykktum þess um veiðiaðferðir sé framfylgt. Með samanburðarskýringu sé því ljóst að löggjafinn geri ráð fyrir að veiðifélög geti samþykkt að hvaða veiðiaðferð, af þeim sem upp eru taldar í 1. mgr. 27. gr., verði viðhöfð. Slík samþykkt geti tekið til þess að þær séu allar

heimilar í fiskihverfinu eða einungis ein þeirra. Kveður stefnandi að hið sama gildi einnig um aðferðir við veiðar í fastar veiðivélar skv. 28. gr. og aðferðir við veiðar á stöng skv. 29. gr. Þannig geti veiðifélag ákveðið að við stangveiði sé einungis heimilt að veiða á flugu en ekki á lifandi agn eða spón. Tilvísun stefndu til þess að samþykkt aðalfundar Veiðifélags Árnesinga frá 26. apríl 2018 um veiðitilhögun ársins 2019 hafi brotið gegn 27. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 sé því haldlaus.

Þá byggir stefnandi á því að samkvæmt ákvæðum 17. - 20. gr., 29. gr. og 30. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 sé gert ráð fyrir því að veiðifélög setji sér nýtingaráætlanir um þau atriði sem þar er fjallað um. Hafi stefndu vísað til þess að slík áætlun hafi ekki verið sett fyrir Veiðifélag Árnesinga og virðist þeir byggja á því að af þeim sökum hafi aðalfundi félagsins verið óheimilt að ráðstafa veiði með þeim hætti sem hin umdeilda samþykkt hafi ákveðið. Kveður stefnandi að gera verði ráð fyrir að stefndu séu að vísa til 4. mgr. 17. gr. laganna sem taki til veiðitíma á laxi og þess að veiðifélög skuli setja sér nýtingaráætlanir um nánari reglur um veiðitíma og veiðitakmarkanir í einstökum veiðivötnum og 2. mgr. 29. gr. laganna, sem taki til stangaveiða í straumvatni þar sem segi að veiðifélög skuli skuli setja nánari reglur um stangveiði á veiðisvæði sínu. Ekki sé hins vegar kveðið á um það í 28. gr., sem fjalli um veiðar í fastar veiðivélar í straumvatni, að um þær skuli veiðifélög setja sér nýtingaráætlun. Kveður stefnandi að þegar af þessari ástæðu sé málsástæða þessi stefndu jafnframt haldlaus.

Þá byggir stefnandi á því að við skýringu á framangreindum ákvæðum um skyldu til að gera nýtingaráætlun verði að telja að þau ákvæði girði ekki fyrir að veiðifélög geti rækt hlutverk sitt um ráðstöfun veiða þó ekki hafi verið samþykkt nýtingaráætlun. Ef vilji löggjafans hefði staðið til þess að gera veiðifélögum óheimilt að ráðstafa veiði skv. 1. mgr. 37. gr. laganna, ef ekki hafi verið samþykkt nýtingaráætlun, hefði orðið að kveða skýrt að orði um það, e. a. með sérstöku bráðabirgðaákvæði sem tæki sérstaklega á því hvernig skyldi fara með ráðstöfunarheimildina þegar þannig stæði á. Vísar stefnandi til þess að samkvæmt ákvæðunum virðist einu afleiðingar þess að veiðifélag setji sér ekki nýtingaráætlun vera þær að Fiskistofa geti þá gripið inn í og sett félaginu slíka áætlun að eigin frumkvæði, sbr. 4. mgr. 17. gr. in fine og 2. mgr. 29. gr. in fine.

Samþykktir Veiðifélags Árnesinga.

Stefnandi vísar til þess að stefndu hafi byggt á því í kærnum sínum til Fiskistofu að samþykkt aðalfundar Veiðifélags Árnesinga frá 26. apríl 2018 um veiðitilhögun ársins 2019 hafi brotið gegn 4. gr., 8. gr. og 9. gr. samþykktu félagsins nr. 991/2008. Þá kveður stefnandi að Fiskistofa virðist hafa byggt ákvörðun sína á því. Stefnandi kveðst hins vegar vera ósammála þessu.

Stefnandi vísar hér til þess að skv. 4. gr. sé verkefni veiðifélagsins að ráðstafa veiði. Segi í ákvæðinu að það skuli gert annað hvort 1) með leigu á stangveiði eða 2) heimila félagsmönnum veiði í fastar veiðivélar eða á stöng. Ákvæðið sé í góðu samræmi við verksvið veiðifélaga sem kveðið sé á um í 6. gr. reglugerðar nr. 345/2014 um starfsemi veiðifélaga. Samþykkt aðalfundarins hafi verið í samræmi við síðari heimild samþykktanna. Hún hafi lotið að því að heimila félagsmönnum að veiða á stöng. Stefnandi kveður að þessi heimild verði ekki skýrð þannig að sé ákveðin rástöfun samkvæmt henni beri að heimila félagsmönnum hvort tveggja að veiða á stöng og í net, þ. e. a. s. þeim félagsmönnum sem til þess hafi lagaleysi skv. 5. mgr. 28. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006. Leiði af hreinni orðskýringu ákvæðisins að veiðifélaginu sé heimilt að ákveða að eingöngu sé veitt á stöng á vatnasvæðinu enda sé samtengingin „eða“ notuð í textanum en ekki samtengingin „og.“ Ógilding Fiskistofu á hinni umdeildu samþykkt aðalfundar veiðifélagsins hafi þegar af þessari ástæðu verið óréttmæt og beri því að fella hana úr gildi.

Kveður stefnandi að tilvísun stefndu til 8. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 geti ekki gagnast þeim til að fá hinni umdeildu samþykkt aðalfundarins hnekk. Greinin fjalli um veiðirétt í óskiptri sameign en ekki heildarveiðirétt félagsmanna í veiðifélagi og sé því óviðkomandi deilumálinu. Þá geti þeim heldur ekki gagnast að vísa til 9. gr. sem fjalli um aðskilnað veiðiréttar frá fasteign og sé einnig deilumálinu óviðkomandi enda af og frá að með samþykktinni hafi kærendur verið sviptir veiðirétti.

#### Stjórnarskrá.

Stefnandi vísar til þess að skv. 37. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 hafi löggjafinn heimilað veiðifélögum að ákveða fyrir sitt vatnasvæði með hvaða hætti veiðar skuli stundaðar. Í því felist að sjálfsögðu almenn skerðing á eignarréttindum vegna þess að í þessum heimildum veiðifélaga felist að einstakir landeigendur megi ekki stunda óhindraðar veiðar með þeim aðferðum sem þeim sýnist fyrir landi sínu.

Stefnandi byggir á því að sú samþykkt Veiðifélags Árnesinga, sem málið snýst um, feli ekki í sér óheimila eignaskerðingu skv. 72. gr. stjórnarskrárinnar. Vísar stefnandi til þess; a) að samþykktin feli ekki í sér að eignarráð einstakra landeigenda séu færð öðrum, b) að samþykktin byggi á almennum skerðingarheimildum og nái til allra sem eins er ástatt um, c) að rök fyrir samþykktinni byggi í raun á mati löggjafans á almannahagsmunum og d) að samþykktin sem gildi í tiltölulega stuttan tíma geti almennt séð ekki talist vera þungbær fyrir landeigendur og þeim sé e. a. tryggður réttur til bóta skv. 2. mgr. 49. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006, auk þess sem þeim sé áfram heimil stangveiði fyrir landi sínu. Samþykktin leiði því ekki til eignasviptingar í raun og verði að telja að með lagaheimildinni sem samþykktin byggi á hafi eðlilegs jafnvægis og meðalhófs verið gætt.

Stefnandi byggir á því að ætla verði löggjafanum víðtækt svigrúm til mats á því hvað hann telji þjóna almannahagsmunum en fyrir því standi lýðræðisrök. Þá sé enn fremur ljóst að ekki verði fullum fetum og gagnrýnislaust hafnað eignaskerðingum af tilliti til þess sem nefnt sé réttmætar væntingar fasteignareiganda enda hljóti þær alltaf að mótast af þeirri staðreynd að löggjafinn hafi lengi haft mikil afskipti af eignarráðum fasteignareigenda og þeir geti því ekki með sanngirni gert ráð fyrir því að möguleikar þeirra til nýtingar eigna verði ávallt ótakmarkaðir eða óbreyttir frá því sem áður hafi verið eða viðkomandi eigandi hafi gert ráð fyrir að yrði til framtíðar.

#### Formskilyrði.

Stefnandi byggir á því að ákvörðun aðalfundar Veiðifélags Árnesinga um ráðstöfun veiða fyrir árið 2019 hafi uppfyllti öll formskilyrði, bæði lögákveðin og skilyrði sem leiða megi af almennum fundarsköpum. Fundurinn hafi verið löglega boðaður enda hafi boðun fundarins uppfyllt formskilyrði 14. gr. reglugerðar nr. 345/2014 um starfsemi veiðifélaga og 1. mgr. og 2. mgr. samþykka félagsins nr. 991/2008. Fundurinn hafi verið boðaður skriflega með bréfi stjórnar til allra félagsmanna þar sem getið hafi verið um dagskrá hans í samræmi við 1. málslíð 1. mgr. 9. gr. samþykka fyrir félagið nr. 991/2008. Meðal tilgreindra dagskrárliða hafi verið „[t]illögur stjórnar Veiðifélags Árnesinga um veiðitíma og veiðitilhögun fyrir árið 2019.“ Ekki hafi í þeim tillögum verið gert ráð fyrir að ráðstafa ætti veiði til annarra en félagsmanna og hafi því ekki verið skylt að boða aðalfundinn með ábyrgðarbréfi, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 345/2014 um starfsemi veiðifélaga og 1.

mgr. og 2. mgr. samþykktu félagsins nr. 991/2008 um boðun fundar. Stefnandi byggir á því að í breytingatillögu Drífu Kristjánsdóttur hafi heldur ekki falist ráðagerð um að ráðstafa ætti veiði til annarra en félagsmanna og að hún hafi þess vegna uppfyllt framangreind skilyrði. Stefnandi byggir á því að samþykkt tillögu Drífu Kristjánsdóttur hafi verið í samræmi við almenn fundarsköp og að vilji aðalfundarins hafi komið skýrlega fram með samþykkt hennar.

Stefnandi vísar til þess að aðalfundur veiðifélags og aðrir fundir félagsmanna séu æðsta vald í málefnum þess. Fundarmönnum á aðalfundi Veiðifélags Árnesinga hafi því verið heimilt að breyta tillögum sem fyrir hann hafi verið lagðar, þ.m.t. tillögum stjórnar, enda sé stjórn einungis með málefni félagsins á milli funda félagsmanna skv. 7. gr. samþykktanna. Stefnandi byggir á því að samþykkt fundarins á hinni umdeildu tillögu hafi því verið formlega rétt. Um heimild fundarmanns til að leggja fram breytingartillögur vísar stefnandi til grunnreglu 1. mgr. 46. gr. laga um þingsköp Alþingis nr. 55/1991 kveðið sé á um að ráðherra og hver þingmaður megi koma fram með breytingartillögum við hverja umræðu sem er.

Kveður stefnandi að ákvörðun aðalfundar Veiðifélags Árnesinga um ráðstöfun veiða fyrir árið 2019 hafi því uppfyllt öll formskilyrði, bæði lögákveðin og skilyrði sem leiða megi af almennum fundarsköpum.

#### Lögvarðir hagsmunir fyrir aðalkröfu.

Stefnandi kveður að þar sem hann sé félagsmaður í stefnda, Veiðifélagi Árnesinga, á grundvelli eignar á landinu Ásgarði 3, Grímsnes og Grafningshreppi, en jörðinni tilheyri veiðiréttur í Soginu, hafi hann lögvarða hagsmuni af því að fá stjórnvald ákvörðunum Fiskistofu hrundið.

Þá kveður stefnandi að verði ekki unnt að kveða upp efnisdóm í málinu fyrir lok veiðitíma ársins 2019 hafi hann þó áfram lögvarða hagsmuni af því að fá stjórnvaldsákvörðununum hrundið en ljóst sé að ágreiningur sé innan veiðifélagsins um það hvort heimilt sé á fundi félagsmanna að ákveða með meirihluta atkvæða að ráðstafa veiði með þeim hætti að ekki verði veitt í fastar veiðivélar. Vísar stefnandi hér til fordæma Hæstaréttar í málum 1980 bls. 1180 og 1987 bls. 1263.

Um varakröfu.

Um heimild sína til að hafa uppi varakröfu vísar stefnandi til 2. mgr. 25. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Ef ekki takist að ljúka málinu fyrir

veiðitímabil ársins 2019 og stefnandi verði af þeim sökum við dómsuppsögu ekki lengur talinn hafa lögvarða hagsmuni af efnisdómi um aðaldómkröfu sína þá byggir stefnandi á því að hann hafi lögvarða kröfu til þess að skorið verði úr um tilvist réttinda félagsmanna í Veiðifélagi Árneseinga til að fá samþykkt ráðstöfun veiða með þeim hætti að ekki verði veitt í fastar veiðivélar á veiðisvæðinu og að til samþykktar þess þurfi einfaldan meirihluta atkvæða á aðalfundi.

Stefnandi vísar til þess að hann hafi mikilsverða hagsmuni af því að skorið verði úr um það hvort Veiðifélagi Árneseinga sé heimilt að ráðstafa veiði með þeim hætti sem raunin hafi orðið á aðalfundinum 26. apríl 2018. Ljóst sé að ágreiningur um þessa heimild veiðifélagsins sé viðvarandi og ekki einskorðaður við veiðitímabilið 2019 enda viðbúið að áfram verði tekist á um það innan veiðifélagsins með hvaða hætti veiði verði ráðstafað.

Stefnandi vísar til þess að varakrafan geti ekki talist fela í sér lögspurningu, sem dómstólum sé ekki unnt að taka afstöðu til vegna ákvæðis 1. mgr. 24. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, vegna þess að krafan lúti að raunhæfu sakarefni vegna atvika sem þegar hafi orðið og úrlausn um kröfuna hafi raunhæfa þýðingu fyrir réttarstöðu aðila.

Stefnandi vísar til laga nr. 62/2006 um lax- og silungsveiði, einkum VI. kafla um veiðifélög. Þá er vísað til samþykktar Veiðifélags Árneseinga nr. 991/2008 og reglugerðar nr. 345/2014 um starfsemi veiðifélaga. Vísað er til grunnreglu 1. mgr. 46. gr. laga um þingsköp Alþingis nr. 55/1991. Varakrafa stefnanda er byggð á heimild í 2. mgr. 25. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, og er vísað til 1. mgr. 24. gr. sömu laga um heimild stefnanda til að bera sakarefnið undir dómstóla. Varðandi varnarþing er vísað til 1. mgr. 32. gr. eða 3. mgr. 33. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 42. gr. og 1. mgr. 34. gr. sömu laga.

### **Málsástæður og lagarök stefndu Veiðifélags Árneseinga, Guðmundar, Kjartans og Magga**

Í greinargerð þessara stefndu er aðeins lýst málsástæðum er varða sýknukröfur þeirra, en í þessum úrskurði er ástæðulaust að gera rækilega grein fyrir þeim.

Í stuttu máli eru málsástæður stefndu þær í fyrsta lagi að sú skerðing, sem falist hafi í ákvörðun aðalfundar stefnda Veiðifélagsins, standist ekki eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.

Í öðru lagi að ólögætt sé og hafi verið að samþykkja netaveiðibann á aðalfundi.

Í þriðja lagi að stefnandi hafi eignast veiðirétt Ásgarðsjarða með ólögætum hætti og sé því ekki réttur aðili að málinu. Ekki er hins vegar byggt á þessari málsástæðu af hálfu stefndu Guðmundar og Kjartans.

Um málskostnað vísa stefndu til 1. tl. 130 gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála og að málshöfðun þessi hafi verið tilefnislaus.

### **Málsástæður og lagarök stefndu Haraldar og Hraunsóss ehf.**

Þessir stefndu vísa til þess að með úrskurði Landsréttar frá 4. september 2019 í máli nr. 562/2019 hafi úrskurður Héraðsdóms Suðurlands um frávísun máls þessa verið felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka kröfur stefnanda til efnismeðferðar.

Telja stefndu þó nauðsynlegt að vekja athygli dómsins á því að í tilvitnuðum úrskurði hafi sjáanlega einungis verið tekin afstaða til málsástæðna um frávísun sem hafi byggt á því að nauðsynlegt væri samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991 að stefna öllum félagsmönnum í veiðifélaginu til þess að fá ákvörðunum Fiskistofu hnekk. Með öðrum orðum fáist ekki séð að tekin hafi verið bein afstaða til þeirrar grundvallar frávísunarástæðu að lögvarðir hagsmunir stefnanda séu liðnir undir lok.

Þykir stefndu því nauðsynlegt að áréttta og ítreka þá málsástæðu sérstaklega.

Kveða stefndu að dómkrafa stefnanda í máli þessi lúti að því að ógiltar verði með dómi þrjár nánast samhljóða stjórnvaldsákvörðanir Fiskistofu frá 10. desember 2018 og 4. janúar 2019, þess efnis að ólögætt hafi verið ákvörðun félagsfundar Veiðifélags Árnesinga frá 26. apríl 2018 um tillögu Drífu Kristjánsdóttur, þ.e. að ekki yrðu lengur heimilaðar netaveiðar á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár. Til vara sé krafist af hálfu stefnanda að viðurkennt verði með dómi að Veiðifélagi Árnesinga hafi verið heimilt að ráðstafa veiði á félagssvæðinu fyrir árið 2019 með samþykkt meirihluta atkvæða á aðalfundi hinn 26. apríl 2018.

Byggja stefndu á því að við mat á meintum lögvörðum hagsmunum stefnanda af kröfugerð málsins verði að horfa til þess að þann 28. mars 2019 hafi á aðalfundi Veiðifélags Árnesinga verið samþykkt ný tillaga að veiðitilhögun vegna áranna 2019 og 2020. Hin samþykkt tillaga feli í sér að félagsmönnum Veiðifélags Árnesinga á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár skuli vera frjálst hverjum fyrir landi sinnar jarðar að veiða silung frá og með 1. apríl og lax frá og með 28. júní til og með 10. ágúst og frá og með

17. ágúst til 25. september í lagnet, króknet eða á stöng í samræmi við fyrirmæli laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði.

Í samræmi við síðast greinda og tilvitnaða samþykkt hafi ný veiðitilhögun tekið gildi á svæðinu og sé komin til framkvæmda. Þessi samþykkt hafi að því er stefndu best viti ekki verið borin undir Fiskistofu og verði því að teljast óumdeild meðal félagsmanna.

Kveða stefndu að með þessari nýju ákvörðun aðalfundar sé staðan sú að jafnvel þótt fallist yrði á dómkröfur stefnanda hefði það engin áhrif á veiðitilhögun innan félagssvæðis Veiðifélags Árnesinga, enda leiði af almennum skýringarreglum að nýjar ákvarðanir aðalfundar gangi framur eldri ósamrýmanlegum ákvörðunum. Þar sem dómkröfur stefnanda geti ekki náð því markmiði sem að sé stefnt með málsókninni feli þær í sér lögspurningu í andstöðu við 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991. Af þessu leiði að stefnandi hafi ekki lengur lögvarða hagsmuni af því að fá tilvitnaða úrskurði Fiskistofu er lúti að eldri ákvörðun um veiðitilhögun fellda úr gildi né að fá úrlausn um viðurkenningarkröfu sína. Beri því að vísa kröfum stefnanda frá dómi hvort heldur sem er að kröfu stefndu eða ex officio.

Þá benda stefndu á að séu lögvarðir hagsmunir stefnanda ekki þegar liðnir undir lok sé ljóst að þeir muni í síðasta falli líða undir lok þann 1. október 2019, en þá ljúki síðasta mögulega veiðitímabili, bæði að því er varðar stöng og fastar veiðivélar, samkvæmt tillögu Drífu, tillögu stjórnar frá aðalfundi 26. apríl 2019 og núgildandi veiðitilhögun samkvæmt ákvörðun aðalfundar frá 28. mars 2019. Á því tímamarki sé því endanlega ljóst að engu skipti hvaða veiðitilhögun miðað sé við, krafa stefnanda muni aldrei leiða til breyttrar réttarstöðu fyrir hann eða aðra félagsmenn.

Um lagarök er m.a. vísað til laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði, reglugerðar nr. 345/2014 um starfsemi veiðifélaga, laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús, hlutafélagalaga nr. 2/1995, almennra reglna félagaréttar um fundarboðun og fundardagskrá. Jafnframt er vísað til almennra sjónarmiða um ógildingu stjórnvaldsákvarðana. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

### **Forsendur og niðurstaða**

Fyrir liggur í málinu að fyrri krafa stefndu um frávísun málsins var m.a. byggð á þeirri málsástæðu að stefnandi hefði ekki lögvarða hagsmuni af því að fá úrlausn um

kröfur sínar í því. Úrskurður héraðsdóms fjallaði hins vegar ekki um þær málsástæður heldur byggði á öðru um þá niðurstöðu að vísa málinu frá dómi, nánar tiltekið að með vísan til 2. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991 hafi borið að stefna öllum félagsmönnum í stefnda Veiðifélagi Árneseinga.

Í úrskurði Landsréttar 4. september sl. var fjallað ítarlega um framangreinda niðurstöðu héraðsdómara og var niðurstöðunni hnekkt eins og áður segir. Ekki var hins vegar fjallað sérstaklega um aðrar málsástæður stefndu fyrir frávísunarkröfum sínum að öðru leyti en því að í úrskurði Landsréttar segir orðrétt „Varnaraðilar hafa ekki fært fram haldbær rök fyrir öðrum frávísunarástæðum sínum í málinu um að sóknaraðili hafi ekki lögvarða hagsmuni eða hafi komist yfir veiðiréttinn með ólögmatum hætti.“

Þegar framangreindur úrskurður Landsréttar var kveðinn upp þann 4. september 2019 var ekki lokið veiðitímabilinu fyrir árið 2019, en því skyldi ljúka í síðasta lagi þann 30. september 2019.

Í málinu gerir stefnandi kröfur sínar, bæði í aðal- og varakröfu, sem snúa gagnert að veiðitímabilinu 2019. Kröfur stefnanda lúta ekki almennt að heimild stefnda Veiðifélags Árneseinga til að taka þá ákvörðun að heimila ekki netaveiði, heldur lúta kröfurnar gagnert að tilhögun veiði á veiðitímabilinu 2019, en eins og áður segir er því lokið. Hefur nú verið ákveðið hvernig veiði skuli háttáð á veiðitímabilinu 2020, auk veiðitímabilsins 2019, en skv. ákvörðun aðalfundarins 28. mars 2019 var netaveiði heimil veiðitímabilið 2019, auk þess að vera heimil á veiðitímabilinu 2020. Umrætt netaveiðibann kom þannig aldrei til framkvæmda.

Eins og áður segir var því hafnað í framangreindum úrskurði Landsréttar 4. september sl. að stefndu hefðu sýnt fram á að stefnandi hefði ekki lögvarða hagsmuni af því að fá úrlausn um kröfur sínar, en að mati dómsins er nú óhjákvæmilegt að líta til þess að þá var ekki lokið því veiðitímabili sem deilt var um. Nú er staðan hins önnur að því leyti að veiðitímabilinu 2019 er lokið og verður engu um það breytt úr þessu.

Stefnandi kveður að hann hafi enn lögvarða hagsmuni af því að fá úrlausn um kröfur sínar þar sem sýnt sé að viðvarandi deilur verði um þessi efni innan stefnda Veiðifélags Árneseinga. Um þetta er í fyrsta lagi það að segja að ekki hefur verið rennt undir þetta neinum stöðum, sem best sést á því að á aðalfundi 28. mars 2019 var ekki einungis ákveðið að heimila netaveiði á veiðitímabilinu 2019, heldur líka á veiðitímabilinu 2020, og það nánast með öllum greiddum atkvæðum. Auk þessa þá lúta kröfur stefnanda, sem fyrr segir, aðeins að veiðitímabilinu 2019, en ekki almennt

að heimild stefnda Veiðifélags Árnesinga til að banna netaveiði, enda þótt stefnanda hefði verið í lófa lagið að haga kröfugerð sinni á þann veg.

Það er því álit dómsins að jafnvel þótt vera kunni að stefnandi hafi við málshöfðun haft lögvarða hagsmuni af því að fá úrlausn um dómkröfur sínar í málinu þá hafi þeir lögvarðu hagsmunir liðið undir lok í síðasta lagi þann 30. september 2019, en sá dagur var síðasti mögulegi veiðidagur veiðitímabilsins 2019.

Verður því fallist á kröfu stefndu Haraldar og Hraunsóss ehf. um að vísa málinu frá dómi.

Þrátt fyrir þessa niðurstöðu þykir rétt að málskostnaður falli niður með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Sigurður G. Gíslason, héraðsdómari, kveður upp úrskurð þennan.

### **Ú r s k u r ð a r o r ð :**

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Sigurður G. Gíslason